



Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 1. tbl. janúar 2011

Félagsfundur TFÍ 2011

Félagsfundur í Tannlæknafélagi Íslands verður haldinn í félagsheimili TFÍ í félagsheimili tannlækna að Síðurmúla 35, fimmtudaginn 13. janúar 2011 og hefst kl. 20.00

Dagskrá:

20.00 Hefðbundin fundardagskrá.

Rammasamningur.

Eins og þið hafið eflaust orðið vör við, þá hefur ráðherra heilbrigðismála, Guðbjartur Hannesson, framlengt rammasamningi sem verið hefur milli tannlækna og Sjúkratrygginga Íslands. Tannlæknum er eins og áður í sjálfsvald sett hvort þeir kæra sig að starfa áfram eftir þessu fyrirkomulagi. Vilji tannlæknir ekki starfa skv. honum frá 1. janúar 2011 þarf hann að senda tilkynningu um það til Sjúkratrygginga Íslands fyrir 10. janúar 2011. Að öðru leyti gilda sömu uppsagnarákvæði og áður en tannlækni er heimilt að segja upp aðild að samningnum með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara frá og með 1. degi mánaðar.

Framlengingin gildir í 6 mánuði þ.e. til og með 30. Júní 2011. Eftir það er alls óvíst hvort framhald verði í núverandi mynd en einhverjar hugmyndir eru í ráðuneyti um breytingar á endurgreiðslukerfinu.

Sigurður Benediktsson, formaður TFÍ

Styrkir úr vísindasjóði TFÍ

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Vísindasjóði TFÍ. Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir og stuðla að vísindastörfum á sviði tannlæknisfræði á Íslandi.

Reglur sjóðsins kveða svo á um að styrkbeiðnir séu gjaldgengar frá öllum tannlæknum og öðrum vísindamönnum til tiltekinna verkefna, greiðslu kostnaðar við rannsóknir og útgáfu á ritverkum á sviði tannlæknisfræða hér á landi.

Í umsóknum skal greina frá því viðfangsefni sem óskað er eftir styrk til, áætlunum um kostnað og tímalengd rannsóknar og fjárframlögum frá öðrum til verksins. Að jafnaði veitir sjóðurinn ekki fé til tækjakaupa.

Að öðru jöfnu skal sá hafa forgang sem hefur ekki fengið úthultun úr sjóðnum áður.

Félagsmönnum, sem vinna að rannsóknarverkefnum, er bent á að hægt er að sækja um styrk úr sjóðnum og er umsóknarfrestur til 1. júní 2011.

Umsóknir skulu stílaðar á formann Tannlæknafélags Íslands og senda á netfangið tannsi@tannsi.is

Samantekt um afhendingu sjúkragagna

Lög um sjúkraskrár tannlækna er fyrst og fremst að finna í Lögum um tannlækningar sem að stofni til eru nr. 38, 1985 og í Reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál nr. 227, 1991.

1. Í Lögum um tannlækningar segir í 14. gr.: „Tannlækningar skulu færa sjúkraskrár yfir sjúklinga sem þeir annast. Óheimilt er að ónýta slíkar skrár nema með leyfi heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Þegar tannlæknir lætur af störfum skal sjúkraskrár, sem hann hefur fært, komið í umsjá landlæknis.“ Þetta merkir að tannlæknar verður að geyma öll sjúkragögn og mega ekki ónýta þau. Almenna reglan er sú að ef sjúkrastofnun eða heilsugæslustöð hættir starfsemi skulu sjúkraskrár afhentar þjóðskjalasafni Íslands. Ef einkastofa læknis hættir starfsemi skulu sjúkraskrár afhentar landlækni sem ráðstafar þeim í samráði við þjóðskjalavörð.
2. Í reglugerð um sjúkraskrár er fjallað um innihald sjúkraskráa. Almenn má segja að samkvæmt því flokkast eftirfarandi sem hluti sjúkraskráa tannlæknis: tannkort með greiningu, horfum og meðferð og annað sem tannlæknir telur að þar þurfi að koma fram, röntgenmyndir, ljósmyndir, afsteypur og samskiptaseðlar við aðra tannlækna og heilbrigðisstéttir.
3. Í reglugerð um sjúkraskrár kemur fram í 1 gr. 1. kafla mjög mikilvægt atriði. „Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis sem hana færir.“ .. sem merkir að sjúkraskráin er eign tannlæknis sem hana færir.
4. Í reglugerð um sjúkraskrár er fjallað um meðferð upplýsinga úr sjúkraskrá og afhendingu. Í 13 gr. segir m.a.: „Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kvörtun eða kærú sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar“.....“Í hvert sinn sem afrit sjúkraskrár er afhent með þessum hætti skal það skráð á sjúkraskrána þannig að fram komi dagsetning og nafn þess sem fékk afritið.“ Ef ofangreind ákvæði eru tekin saman er hægt að gefa eftirfarandi leiðbeiningar varðandi afhendingu sjúkraskráa til sjúklinga. Sjúkraskráin og allt sem henni tilheyrir er eign tannlæknis. Hann á aldrei að afhenda sjúklingi nein frumgögn. Honum ber að afhenda afrit af sjúkraskrá sé þess óskað. Sumt er erfitt að afrita t.d. röntgenmyndir. Mælt er með því að það sé gert þannig: Fari sjúklingur til annars tannlæknis þá getur sá tannlæknir óskað eftir að fá myndir sjúklings lánaðar og skulu þær þá sendar beint til hans og það skráð í sjúkraskrá. Sama gildir um ljósmyndir, afsteypur og annað sem erfitt er að afrita. Bent skal á, að komi kvörtun frá sjúklingi, opinberum eftirlitsaðilum eða öðrum sem kunna þurfa að reyna á rétt sjúklings eða tannlæknis, getur sjúkraskrá verið besta vörn tannlæknis.

Ef litið er til þess hvernig dómstólar taka á slíkum málum þá eru svo fá mál sem fjallað hafa um tannlækningar hér á landi. Á Norðurlöndum er komin

meiri dómahefð í slíkum málum. Frekar er tekið mark á munnlegri lýsingu sjúklings á læknisverki,

en munnlegri lýsingu læknis, tannlæknis. Litið er á að sjúklingur muni betur læknisverk sem honum er einstakt, heldur en læknir, tannlæknir, sem reynir að muna einstakt atvik af miklum fjölda læknisverka. Geti læknir, tannlæknir lagt fram greinargöða sjúkraskrá þá vegur hún mjög þungt

Svend Richter

Framlenging forvarnarsamnings

Kollegar góðir. Gleðilegt ár. Við áramót rifjar maður gjarnan upp liðin ár og kemst að raun um að fljótt fennir í sporin. Þótt ekki séu nema hálf fjórða ár síðan „litli samningurinn“ tók gildi þurfti ég að grafa djúpt í huga mér til að muna ferlið. Sem betur fer á ég minnispunkta í tölvunni.

Hinn 4. maí 2007 var gerður samningur milli Samninganefndar Heilbrigðisráðherra og Tannlæknafélags Íslands um forvarnarskoðun þriggja og tólf ára barna. Það var skiln-ingur tannlækna að samningurinn yrði fyrsta skrefið til að bæta tannheilsu barna og ungmenna á Íslandi. Tannlæknar féllust á að skrá ítarlega niðurstöður klínískrar skoðunar hjá hverju barni, án sérstakrar þóknunar, og senda gögnin til Lýðheilsu-stofnunar. Samningurinn rann út hinn 31. des. 2008.

Hinn 1. janúar 2009 tók við svokallaður „rammasamningur“, sem gildi til 31. des. 2010. Ekki var samið við TFI heldur skyldi semja við einstaka tannlækna innan samningsins skv. ákvæðum 39. greinar nýrra laga um Sjúkratryggingar nr. 112/2008. Það var trú mín og tannlækna yfirleitt að nýr samningur yrði einfalt framhald samningsins frá 4. maí 2007, með þeirri einu breytingu að bætt væri við forvarnarskoðun sex ára barna. Tannlæknar horfðu þar til 15. greinar rammasamningsins en þar stendur; „..... Samningur þessi er gerður í framhaldi af samningi Tannlæknafélags Íslands (TFI) og Samninganefndar heilbrigðisráðherra.....“ . Tannlæknar féllust á að halda sömu þóknun og var í fyrri forvarnarsamningi þrátt fyrir hækkun á reksturskostnaði. Í staðinn skyldi skriffrinnskunni og innsendingu skráninganna hætt. Venjuleg skráning á skoðun skyldi nægja.

Ekki var staðið við þetta, því að í 5. grein 2. mgr. rammasamningsins frá 1. janúar 2009 stendur: „Tannlæknir sem gerist aðili að samningi þessum, skuldbindur sig til þess að hafa komið sér upp tölvubúnaði fyrir 31. desember 2009 sem gerir honum kleift að senda SÍ niðurstöður skráninga sinna skv. 1. mgr., á samræmdu, rafrænu formi.“ og í 5. gr. 3. mgr. stendur: „Frá og með 1. janúar 2010 skal rafræn upplýs-ingagjöf skv. 1. og 2. mgr., vera forsenda greiðslu SÍ á reikningum tannlæknis vegna gjaldliða 1003, 1006 og 1012.“ Sem sagt skriffrinnskunni skal ekki bara haldið áfram eftir 1. jan 2010, heldur skal hún aukin og það án þóknunar. Einnig er tannlæknum gert að breyta á tölvukerfum sínum með ærnum kostnaði.

Hinn 14. jan. 2009 bárust boð frá Tryggingatannlækni um að þeir tannlæknar sem áhuga hefðu á samningi gætu nálgast rammasamning og umsóknareyðublað á heima-síðu SJTr. Tryggingatannlæknir var hreinn og beinn. Hann varar tannlækna við, með því að leggja áherslu á mikilvægi þess að „lesa samninginn vel“. Eg er hræddur um að það hafi margir tannlæknar ekki gert. Við lesturinn skynjar maður tóninn hjá Sjúkratryggingastofnun. Barna er tilskipun yfirvaldsins. Enginn þarf að vera með, en „take it or leave it“. Það er skoðun mín að rammasamningurinn frá 1. janúar 2009 sé ekki samningur heldur niðurlægjandi tilskipun stjórnvalda, ekki sist orðalagið.

Hinn 28. desember 2010 barst tölvupóstur frá Sjúkratryggingum. Þar segir að ramma-samningnum sé framlengt til 30. júní 2011. Nú eru stjórnvöld bara að skjóta málum á frest í stefnuleysi sínu. Eiga tannlæknar að hjálpa þeim við það? Hér er ekki verið að semja, hvorki við TFI né einstaka tannlækna. Þetta er bara önnur tilskipun. Hvað verður svo framhaldið? Verður bætt við nýjum tannlæknisverkum og hópum, sem tannlæknum verður gert að þjóna með tilskipunum á verðlagi ársins 2007?

Það er rétt að líta á nokkrar tölur: H&R framreiknaði reksturskostnað tannlækninga-stofu hinn 1. apríl 2007. Þá var kostnaðargrunnur 63,86% af veltunni og brúttólauan tannlæknis 36,14%. Þegar „litli samningurinn“ var undirritaður hinn 4. maí 2007 var vísitala neysliverðs 271,0 stig og launavísitalan var 316,9 stig. Nú er vísitala neyslu-verðs 366,7 stig, hefur hækkað um 35,3% á tímabilinu. Nýjasta launavísitalan er frá því í nóvember 2010, 382,4 stig. Hún hefur því hækkað um 20,6 % frá því að „litli samningurinn“ var undirritaður.

Með því að skipta þóknun fyrir aðgerðarliðna 1003 og 1006 sem var kr. 10.000 við undirritun „lita samningsins“ í kostnaðarhluta: kr. 6386 og launahluta: kr. 3614, og með því að framreikna þá til núvirðis með áðurnefndum vísitölum, verður kostnaðar-hlutinn kr. 8.640 og launahlutinn kr. 4.358. Þóknun fyrir aðgerðarliði 1003 og 1006 ætti þá að vera 12.998, sem er 29,98% hækkun. Láti tannlæknar sig hafa það að taka bara inn kostnaðarhlutann og frysta launahlutann ætti þóknunin að vera kr. 12.254, sem er 22,54% hækkun. Aðgerðarliður 1012 sem var kr. 13.500 yrði með sömu útreikningum kr. 17.547 og með launafyrstingu kr. 16.542. Það er rétt að taka fram að þessir útreikningar mínir á grunni eru gerðir á heldur einfaldari hátt en hefðbundnir reikningar H&R.

Mér er efst í huga að senda Sjúkratryggingum bréf og tilkynna að ég telji mig ekki bundin af einhliða framlengingu rammasamningsins sem féll úr gildi hinn 31. des. 2010, og í framhaldinu að óska eftir því að samið verði mig sérstaklega innan svokallaðs rammasamnings. Það verður fróðlegt að sjá viðbrögðin. Eg vil hvetja þá kollega mína sem hyggjast starfa áfram eftir framlengdri tilskipun að „lesa samninginn vel“ eins og Tryggingatannlæknir ráðlagði í tölvupósti hinn 14. jan. 2009.

Að lokum: Gerið ykkur ljóst kollegar góðir, að með því að samþykkja að vinna eftir svona tilskipunum eru þið ekki bara að samþykkja að frysta gjaldskrá ykkar tímabundið. Eg óttast að nú séu vatnaskil. Að þetta sé bara fyrsta skref stjórnvalda til að gera tannlækna að fátæklingum. Þið eruð að niðurgreiða rekstarkostnaðinn á stofunni af launum ykkar. Fagleg reynsla ykkar er í húfi, því að enginn annar en tannlæknirinn sjálfur kostar sí- og endurmenntun sína. Velferð ykkar er ógnað, því að enginn annar en tannlæknirinn greiðir sér laun í veikindum eða orlofi. Svona tilskipun er atlega að lífsgæðum ykkar í framtíðinni. Enginn annar greiðir tannlækni eftirlaun eða afhendir honum starfslokasamning.

Börkur Thoroddsen

**Munið að greiða
félagsgjöld
v/ 2010
fyrir 1.feb. n.k.**

Fjölmennasta jólaball til þessa.



eins og áður Colgate tannbursta, tannkrem, sælgæti auk þessa fengu þau litríka bolta sem gerðu mikla lukku.

Jólaball félagsins var haldið 29. desember og mættu 89 börn og barnabörn tannlækna. Allir skemmtu sér hið besta við að dansa í kringum jólatréð, þó sérstaklega eftir að jólasveinarnir Kjetkrókur og Skyrgámur voru mættir, þeir voru eins og áður ótrúlega skemmtilegir og gjafmildir þetta árið, öll börnin fengu



Höfuðu herða hné og tær...sjá jólasveinarnir eru ekki samtaka.



Hesturinn og prinsinn í leikritinu "Þyrnirós"

Tvíburar Guðrúnar Jóns eru orðnir 5 ára Brynja og Elvar Þór



mættu öll á jólaballið.



og tvíburar Evu Guðrúnar eru 8 mánaða



JANÚARKÚRS 14. JANÚAR 2011

Þetta árið verður Janúarkúrs allan föstudaginn þ.e. frá kl. 08.00 til 16.00

Föstudagur

08.00 – 09.00 morgunverður

09.00 – 10.30 Jeff Marks - barnatannlæknir frá Seattle, USA.

Fyrirlesturinn mun fjalla um grundvallaratriði barnatannlækninga, bæði fyrir almenna tannlækna og sérfræðinga í greininni. Fjallað verður um viðgerðir, skurðaðgerðir, vöxt og þroska, bráðatilfelli og áverka, hegðunarmótun, sjúkrahússtannlækningar og börn með sérþarfir.

Dr. Jeff Marks er barnatannlæknir og starfandi sérfræðingur við University of Washington and Seattle Children's Hospital. Hann stundar einnig barnatannlækningar á eigin stofum á Seattle svæðinu í Washingtonfylki. Dr. Marks veitir tannlæknaþjónustu á afskekktum svæðum um allan heim og starfar með stórslysateymum bæði í Bandaríkjunum og í öðrum löndum.

10.30 – 11.00 Kaffi

11.00 – 12.00 Framhald á fyrirlestri Dr. Marks

12.00 – 13.00 Hádegisverður

13.00 – 13.45 **Þóra Hallgrímsdóttir** hdl. og aðallögfræðingur Sjóvár

Fyrirlesturinn mun fjalla um bótarétt sjúklinga gagnvart tannlæknum; stefnir íslenskur bótaréttur í sömu átt og bandarískur?

Þóra Hallgrímsdóttir Lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 2000 og hefur starfað fyrir tryggingafélög síðan. Hefur sinnt í váttryggingarétti í Háskólanum í Reykjavík frá árinu 2007 auk þess sem hún hefur sinnt stunda-kennslu skaðabótarétti við sama skóla og haft umsjón með námi Opna Háskólans fyrir starfsfólk váttryggingafélaga.

13.45 – 14.00 Umræður

14.00 – 14.30 Kaffi

14.30 – 15.30 **Sigurður Páll Hauksson**, - endurskoðandi hjá Deloitte og varaformaður félags endurskoðanda, mun tala um þau áhrif sem nýjustu breytingar á skattkerfinu hér á landi hafa á rekstur tannlæknastofa. Hann mun einnig ræða fádráttarbæra kostnaðarþætti við rekstur tannlæknastofa.

15.30 – 16.00 Umræður

17.00 Kokteill hjá Lúkasi D Karlssyni.

**Þáttökugjald er 15.000 krónur og leggja skal inn á bankareikning félagsins
513 26 409111 kt. 570570-0139**

Vinsamlega tilkynnið þáttöku þar sem húsrými er takmarkað. Greiðsla inn á bankareikning félagsins jafngildir skráningu einnig er hægt að hafa samband við skrifstofuna.

Árþings- og endurmenntunarnefnd TFÍ